

ERINDISBRÉF ÖLDUNGARÁÐS

I. KAFLI SKIPAN OG UMBOÐ

1. gr.

Öldungaráð starfar í umboði bæjarstjórnar og fer með þau verkefni sem því er falið og nánar er kveðið á um í samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023, með síðari breytingum, og erindisbréfi þessu.

Öldungaráð starfar á grundvelli 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna þar sem segir að í öldungaráði skuli fjallað um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

2. gr.

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum:

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu vera tilnefndir af félagi eldri borgara í Hveragerði.
- Einn fulltrúi og einn til vara kemur frá heilsugæslunni í Hveragerði.

Öldungaráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi ráðsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími ráðsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar.

Starfsmaður fræðslu- og velferðarsviðs Hveragerðisbæjar sem fer með málefni aldraða er starfsmaður ráðsins. Hann situr fundi þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt ásamt því að rita fundargerðir ráðsins.

II. KAFLI MARKMIÐ OG HLUTVERK

3. gr.

Markmið öldungaráðs er að bæta þjónustu við aldraða í Hveragerði með virkri aðkomu aldraða að skipulagi og mótun þjónustunnar.

Hlutverk öldungaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn, nefndir og ráð Hveragerðisbæjar um hagsmuni aldraða þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða, framkvæmd hennar og þróun. Ráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli aldraða og bæjaryfirvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða aldraða.

III. KAFLI HELSTU VERKEFNI ÖLDUNGARÁÐS

4. gr.

Verkefni öldungaráðs er einkum að:

1. Vera ráðgefandi við stefnumörkun og áætlanagerð í málefnum aldraða í Hveragerði, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
2. Vera ráðgefandi við gerð reglna um þjónustu við aldraða.

3. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við aldraða í Hveragerði í samráði við notendur hennar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr.40/1991. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.

Öldungaráð fjallar ekki um málefni einstaklinga.

IV. KAFLI FUNDIR OG STARFSHÆTTIR

5. gr.

Öldungaráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem bæjarstjórn samþykkir.

Formaður öldungaráðs boðar til fundar í samráði við starfsmann ráðsins og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda þess. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Öldungaráð fundar að jafnaði sex sinnum á ári sem dreifist jafnt yfir árið. Fundir skulu boðaðir a.m.k. tveggja (2) sólarhringa fyrirvara fyrir fund og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og skal ákvæðum samþykktarinnar fylgt eftir því sem við á.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum ráðsins að uppfylltum þeim skilyrðum er fram koma í 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Formaður stýrir fundum ráðsins. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti hans er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu, með og á móti. Fundarmönnum er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum á fundum ráðsins.

Fundarboð og fundargerðir skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi og ber starfsmaður ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður öldungaráðs strax að fundi loknum til bæjarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta bæjarstjórnarfund til staðfestingar.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

6. gr.

Á dagskrá skulu tekin fyrir mál sem fulltrúar í öldungaráði hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins. Skal efni þess berast formanni og starfsmanni öldungaráðs a.m.k. sjö (7) sólarhringum fyrir fyrirhugaðan fund. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefndir Hveragerðisbæjar óska eftir að ráðið fjalli um.

Öldungaráð skal senda erindi til bæjarstjórnar, bæjarráðs eða viðkomandi nefnda og ráða um þau málefni sem hann telur varða hagsmuni eða aðstæður aldraðra.

Öldungaráð skal halda fund með bæjarstjórn Hveragerðis einu sinni á ári og fund með Félagi eldri borgara í Hveragerði einu sinni á ári. Öldungaráð getur leitað umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Öldungaráð getur óskað eftir að einstaka starfsmenn

Hveragerðisbæjar mæti til fundar, sem og aðrir sem ráðið telur þörf á hverju sinni. Þá skal öldungaráð leggja fram skýrslu um starfsemi sína árlega og kynna fyrir bæjarráði.

7. gr.

Fræðslu- og velferðarsvið Hveragerðisbæjar tryggir þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í öldungaráði.

V. KAFLI GILDISTAKA

8. gr.

Erindisbréf þetta er sett á grundvelli samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023 með síðari breytingum.

Erindisbréf þetta var samþykkt á fundi öldungaráðs Hveragerðisbæjar 11. desember 2025 og á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 8. janúar 2026 til að öðlast þegar gildi.